

bótaábyrgð á slysinu og tjóni stefnanda af þess völdum. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Málskostnaður stefnanda, kr. 64.480, greiðist úr ríkissjóði, en af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður, kr. 50.000 í málflutningslaun.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólafs Steinþórssonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður. Málskostnaður stefnanda, kr. 64.480, greiðist úr ríkissjóði, en af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður, kr. 50.000 í málflutningslaun.

Þriðjudaginn 7. október 1975.

Nr. 182/1973. **Stefán Ólafsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Samvinnutryggingum g/t

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómaramirnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörns-
son, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Bifreiðar. Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 17. desember 1973. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum 213.587 krónur með 8% ársvöxtum frá 14. júní 1971 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I blóðsýni, sem var tekið úr áfrýjanda eftir slysið, mældust „reducerandi“ efni, sem svara til 0.37% af alkóhóli. Þegar gætt er tímalengdar frá slysinu, uns blóðsýnið var tekið, má að vísu ætla, að áfengismagn í blóði áfrýjanda hafi verið mun meira, er slysið varð. Ekki hefur stefndi þó sýnt fram á það með læknisfræðilegum gögnum, að það áfengismagn hljóti að hafa verið svo mikið, að fullvíst verði að telja, að áfrýjandi hafi þá verið ölvaður. Samkvæmt þessu og þar sem vitni þau, sem sáu áfrýjanda um og eftir slysið, telja sig ekki hafa séð á honum áfengisáhrif, brestur sönnun fyrir því, að áfrýjandi hafi valdið slysinu í ölaði, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1954. Verður af þessum ástæðum eigi fallist á það með stefnda, að g liður 9. gr. váttryggingarskilmála hans, sem rakinn er í héraðsdómi, heimili honum að synja greiðslu á váttryggingarbótum til áfrýjanda, þar sem stefndi getur ekki borið fyrir sig þetta ákvæði váttryggingarskilmálanna að því leyti sem það fer í bága við nefnda 20. gr.

Stefndi hefur enn fremur reist kröfur sínar á því, að áfrýjandi hafi valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi, en samkvæmt e lið 9. gr. váttryggingarskilmálanna eigi hann ekki rétt á váttryggingarbótum, þegar þannig standi á. Ekki er fullljóst, hvað olli því, að áfrýjandi ók út af veginum, en þar sem ekki þykir sannað, að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, verður þessi sýknuástæða ekki heldur tekin til greina.

Áfrýjandi kveðst hafa keypt bifreið þá, sem um er fjallað í málinu, í maímánuði 1970 fyrir 237.319 krónur. Telur hann hæfilega verðrýrun bifreiðarinnar til slysdags 10% og krefur því stefnda um 213.587 krónur. Stefndi hefur mótmælt þessari fjárhæð sem of hárrí. Fjárhæð kröfu áfrýjanda verður ekki talin óeðlileg með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 37. gr. laga nr. 20/1954. Henni hefur ekki verið hnekkkt af stefnda með matsgerð eða á annan hátt. Verður krafa áfrýjanda því tekin til greina að fullu með vöxtum, svo sem krafist er, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954, en upphafstíma þeirra hefur eigi verið mótmælt.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 110.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Samvinnutryggingar g/t, greiði áfrýjanda, Stefáni Ólafssyni, 213.587 krónur með 8% ársvöxtum frá 14. júní 1971 til greiðsludags og 110.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Mál þetta var upphaflega flutt munnlega og dómtekið á bæjarþingi Reykjavíkur 4. júlí 1973. Hinn 30. s. m. endurupptók héraðsdómariinn, Auður Þorbergsdóttir borgardómari, málið með skírskotun til 120. gr. laga nr. 85/1936 og þess, að honum hefði sýnst rétt eftir dómtöku máls að kveðja sérfróða meðdómendur til dómstarfa í því. Endurupptaka þegar dómtekens máls af framangreindum ástæðum hefur ekki stöð í nefndri 120. gr., en auk þess er sakarefni þessa máls ekki þannig vaxið, að þörf væri á, að héraðsdómari færi með og dæmdi málið samkvæmt 3. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936. Ber af þessum ástæðum að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferðina frá 4. júlí 1973 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Þessi úrlausn hefur ekki hlotið samþykki meiri hluta dómenda. Mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni máls.

Með skírskotun til forsendna í atkvæði meiri hluta dómenda um efni málsins er ég samþykkur dómsorðinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. nóvember 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 1. nóvember sl., höfðaði Stefán Ólafsson, Túngötu 12, Patreks-

firði, fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. júní 1972, gegn Samvinnutryggingum g/t, Ármúla 3, Reykjavík, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 213.587 ásamt 8% ársvöxtum frá 14. júní 1971 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir virðast vera eftirfarandi:

Stefnandi var eigandi bifreiðarinnar B 107, Skoda 110 L, árgerð 1970. Bifreiðina hafði hann keypt nýja af Tékkneska bifreiðaumboðinu á Íslandi h/f hinn 24. júlí 1970. Kaupverð bifreiðarinnar var samtals kr. 237.319. Stefnandi ábyrgðar- og kaskótryggði bifreiðina hjá stefnda.

Hinn 14. júní 1971 var stefnandi á leið á Örlýgshafnarvegi skammt fyrir utan býlið Hvalsker í Rauðasandshreppi. Var hann á leið frá flugvælinum til Patreksfjarðar, er bifreið stefnanda fór út af veginum. Við útafaksturinn lenti bifreiðin niður í fjöru og skemmdist það mikið, að hún var talin ónýt.

Í bifreiðinni með stefnanda voru Hrafnhildur Haraldsdóttir, 14 ára, Þórunn Haraldsdóttir, 16 ára, báðar til heimilis að Strandgötu 11 A, Patreksfirði, og Ásdís Ingólfssdóttir, 10 ára, til heimilis að Túngötu 12, Patreksfirði. Allir þeir, sem í bifreiðinni voru, slösuðust meira eða minna, og hlaut stefnandi opið beinbrot á vinstra fæti.

Eftir slysið komu lögreglumenn, læknir og hjúkrunarkona á vettvang. Lögreglumenn þeir, sem komu á vettvang, töldu sig finna áfengislykt af stefnanda. Stefnandi var látinn í sjúkrakörfu, farið með hann út á flugvöll og flogið með hann til Reykjavíkur. Í Reykjavík var tekið blóðsýni úr stefnanda vegna alkóhólprófunar, og fundust í því „reducerandi“ efni samsvarandi 0.37‰ af alkóhóli. Blóðsýnið var tekið 14. júní klukkan 1800, en útafaksturinn átti sér stað skömmu fyrir klukkan 1210 sama dag.

Stefnandi krafði stefnda um greiðslu á verðmæti bifreiðarinnar B 107 á slysdagi. Stefnandi hafnaði kröfu stefnanda, vegna þess að fram kom í lögregluskýrslu, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið undir áhrifum áfengis.

Í málinu hefur verið lagt fram endurrit úr sakadómsbók Barðastrandarsýslu, endurrit úr aukadómpingsbók Barðastrandarsýslu og endurrit úr sakadómsbók Hafnarfjarðar. Einnig hefur stefnandi komið fyrir dóm til yfirheyrslu.

Þykir rétt að rekja nokkuð það, sem fram hefur komið við yfirheyrslur þessar.

Í sakadómi Barðastrandarsýslu viðurkenndi stefnandi að hafa neytt áfengis á tímabilinu frá því um klukkan 23 kvöldið fyrir 14. júní 1971 og þar til klukkan 2 um nóttina. Hafi hann drukkið sem svarar tæplega einum pela af áfengi í umrætt sinn. Hann hafi farið að sofa klukkan 4—5 um nóttina. Hafi hann vaknað um klukkan 9 um morguninn. Hann hafi ekki neytt áfengis um morguninn eða eftir að hann hóf akstur bifreiðarinnar og ekki hafi hann fundið til neinna áfengisáhrifa við aksturinn eða yfirleitt verið þá öðruvísi en hann eigi að sér að vera.

Stefnandi sagðist hafa ekið mágkonu sinni, Auði Marisdóttur, í bifreiðinni B 107 inn á flugvöll þennan dag og hafi þau lagt af stað frá Patreksfirði klukkan rúmlega 10 um morguninn, en þurft að bíða nokkuð á flugvöllinum. Með í förinni hafi verið dóttir Auðar, Ásdís að nafni, og tvær ungar frænkur stefnanda, Hrafnhildur og Þórunn Haraldsdætur, og hafi þær verið í bifreiðinni, er óhappið vildi til. Hafði bifreiðinni þá verið ekið skamman spöl frá flugvöllinum.

Stefnandi sagðist hafa ekið bifreiðinni með um 50 km hraða miðað við klukkustund, þegar óhappið vildi til. Stefnandi sagðist ekki geta gert sér glögga grein fyrir orsök útafkeyrslunnar, þetta hafi gerst svo snögg, en allt í einu hafi bifreiðin ekki látið að stjórn og hann hafi misst hana út af veginum. Ekki hafi hann verið að mæta bifreið, þegar þetta gerðist, og ekki sagðist stefnandi vita til þess, að nokkur umferð hafi verið á þjóðveginum í næsta nágrenni.

Fyrir bæjarþingi Reykjavíkur bar stefnandi, að hann teldi, að ástæðan fyrir útafkeyrslunni hafi verið bilun í stjórnþækjum bifreiðarinnar, en tók fram, að þarna hafi líka verið lausamöl. Stefnandi kvaðst hafa beðið Pál Janus Pálsson að athuga, hvort stjórnþæki bifreiðarinnar hafi ekki bilað. Stefnandi sagðist hafa heyrt, að litið hafi verið á bifreiðina, en sagðist ekki vita um niðurstöðu þeirrar athugunar.

Umboðsmaður stefnda hafi tekið bifreiðina í sína vörslu strax eftir slysið. Stefndi muni hafa greitt kostnað við björgun bifreiðarinnar af slysstað. Hvorki hafi umboðsmaður stefnda óskað eftir því, að stefnandi greiddi kostnað af björgun bifreiðarinnar né tæki bifreiðina í sína vörslu.

Fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu staðfesti Guðmundur Þorleifsson Sigurðsson lögregluþjónn lögregluskýrslu á dskj. nr.

3 sem rétta. En þar segir m. a.: „... ekki var annað séð en þarna hafi verið um útafkeyrslu að ræða, þar sem vegurinn þarna er vel breiður og beinn á þessum kafla og hjólför eftir bifreiðina mjög greinileg. Eftir að við höfðum lagt öikumanninn í bifreið okkar, fundum við sterkan vínþef af vitum öikumanns“.

Guðmundur lögregluþjónn kvaðst hafa ekið lögreglubifreiðinni á slysstað og síðan þaðan á flugvöllinn vegna flutnings stefnanda til Reykjavíkur. Með Guðmundi fór í ferð þessa Páll J. Pálsson lögregluþjónn, Þóra Magnúsdóttir hjúkrunarkona og Helgi Ísaksson, en hann var læknanemi og gegndi læknisstörfum á Patreksfirði um stuttan tíma, er þetta gerðist.

Með áætlunarvélinni frá Reykjavík í umrætt sinn hafi komið sjúkrakarfa. Þegar lögreglubifreiðin kom á staðinn, hafði stefnandi verið látinn í sjúkrakörfu þessa, sem komið hafði verið fyrir á neðri vegarbrún nær sjónum. Hjá hinum slasaða hafi þá verið Lilja Harðardóttir hjúkrunarkona, sem starfaði við sjúkrahúsið á Patreksfirði um skeið. Á slysstaðnum hafi verið Hermod Ingemar J. Lund, Norðmaður, sem búsettur sé þarna.

Læknir og hjúkrunarkona hafi strax hugað að hinum slasaða og sprautað hann, en síðan hafi þeir lögreglumennirnir tekið körfuna með hinum slasaða og látið í lögreglubifreiðina til flutnings á flugvöllinn. Stefnandi hafi vírst mjög þjáður eftir slysið, skorinn og hruflaður og mikið blóðugur í andliti.

Þegar þeir lögreglumennirnir báru körfuna með stefnanda inn í bifreiðina á slysstaðnum, hafi Guðmundur haldið undir höfðalag körfunnar og þá þegar fundið áfengislykt frá vitum stefnanda. Eftir að stefnandi hafði verið látinn inn í bifreiðina, þar sem hiti var hafður á, hafi Guðmundur, sem ók bifreiðinni, fundið greinilegan áfengisþef frá vitum stefnanda, þar sem hann lá í körfunni.

Þeir lögregluþjónarnir hafi athugað stýrisbúnað bifreiðarinnar og fóthemla bifreiðarinnar, og hafi hvort tveggja reynst vera í lagi.

Guðmundur sagðist hafa haft samband við umboð stefnda á Patreksfirði símleiðis úr flugvallarskýlinu og talað við starfsmann stefnda, Matthías Garðarsson, sem hafi komið fljótlega á slysstað og tekið myndir. Að beiðni Matthíasar hafi Guðmundur gert ráðstafanir til flutnings bifreiðarinnar af slysstaðnum og til geymslu í fiskverkunarhúsi Odda h/f, Patreksfirði.

Fyrir dómi bar Páll Janus Pálsson lögregluþjónn, að þá er hann kom á slysstað ásamt Guðmundi Þ. Sigurðssyni lögreglu-

þjóni, hafi Herbert Guðbrandsson bifreiðarstjóri ásamt farþegum úr langferðabifreið, er var á leið frá flugvælinum, verið komnir á slysstað. Með lögreglumönnum hafi komið á slysstað Þóra Magnúsdóttir hjúkrunarkona og Helgi Ísaksson, þá lækni á Patreksfirði. Bifreiðin B 107 hafi þá verið niður undir sjávarmáli og greinilega verið ekið út af veginum. Þá er Páll lögreglu- maður kom á slysstað, hafði stefnandi verið fluttur upp á veginn og lá þar á börum.

Eftir að stefnandi hafði verið tekinn á börunum og látinn inn í lögreglubílinn og fluttur á flugvöllinn, hafi Páll lögreglu- maður fundið greinilegan áfengisþef frá vitum stefnanda. Strax hafi verið gerðar ráðstafanir til þess að fá sjúkraflugvél til að flytja stefnanda til Reykjavíkur. Læknirinn og hjúkrunarkonan hafi annast um stefnanda, sem hafi virst þjáður eftir slysið.

Fyrir sakadómi Hafnarfjarðar bar Auður Marisdóttir, mág- kona stefnanda, að hún hafi farið með stefnanda í bifreið hans út á flugvöll mánudagsmorguninn 14. júní 1971 og hafi stefnandi ekið. Ekki sagðist Auður hafa merkt, að hann væri undir áhrifum áfengis og ekki hafi hún fundið af honum vínlykt. Henni hafi fundist hann aka eðlilega, þ. e. eins og venja hans var að aka. Ekki hafi hann ekið óeðlilega hratt, en Auður sagðist vera bíl- hrædd og kvarta, ef henni finnst ekið of hratt, en til þess hafi ekki komið þarna. Auður sagðist oft hafa séð stefnanda undir áhrifum áfengis og taldi útilokað, að hún hefði ekki merkt það, ef hann hefði verið undir áhrifum umræddan morgun, er akstur- inn út á flugvöll átti sér stað.

Sigurbóra Magnúsdóttir hjúkrunarkona bar fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu, að hún hafi að beiðni lögreglumanna farið á slysstað ásamt Helga Ísakssyni læknanema og lögreglunni, en á þeim tíma var Sigurbóra yfirhjúkrunarkona við sjúkrahúsið á Patreksfirði. Þá er hún kom á slysstaðinn, hafi verið búið að láta stefnanda í sjúkrakörfu og hafi hann virst mjög þjáður og vankaður. Þegar Sigurbóra og læknaneminn komu á slysstaðinn, hafi stefnanda strax verið gefið deyfilyf í vöðva, nánar tiltekið pethidin. Þar hafi verið um að ræða venjulegan skammt, 1½—2 ml. Eftir að komið var með stefnanda í flugvallarskýlið, hafi honum verið gefin vökvagjöf, sem gert sé til að fyrirbyggja lost.

Sigurbóra sagðist hafa fundið áfengislykt leggja frá vitum stefnanda, eftir að hann hafi verið látinn inn í bifreiðina, en Sigurbóra og læknaneminn sátu þá hjá körfunni í bifreiðinni. Sigurbóra sagðist hafa farið með stefnanda í flugvélinni til

Reykjavíkur og hafi þá ekki getað merkt af tali hans neitt, er gæti verið í sambandi við áfengisáhrif.

Lilja Harðardóttir hjúrunarkona, sem kom með áætlunarflugvélinni, muni hafa sinnt stefnanda á slysstað, áður en Sigurþóra kom þangað.

Þórunn Haraldsdóttir nemandi, 15 ára að aldri, bar fyrir auka-dómpingi Barðastrandarsýslu, að hún hafi verið farþegi í bifreið stefnanda, þá er umrætt slys varð.

Þórunn sagðist ekki hafa séð áfengisáhrif á stefnanda. Stefnandi hafi hagað akstri sínum mjög líkt og þegar Þórunn hafi áður verið með honum í bifreiðinni.

Herbert Jóhannes Guðbrandsson bifreiðarstjóri bar fyrir dómi, að hann hafi verið með þeim fyrstu, er komu á slysstað, er umrætt slys varð. Ekki sagðist Herbert hafa séð beint, að stefnandi væri undir áhrifum áfengis, er að var komið á slysstað, en kvaðst hins vegar ekki geta neitað því, að hann hafi fundið áfengislykt frá vitum stefnanda. Herbert sagðist hafa tekið þátt í því að ná stefnanda út úr bifreiðinni og bera hann í sjúkrakörfu upp á veginn.

Fyrir sakadómi Barðastrandarsýslu bar Jón Þorsteinn Arason málarameistari, að hann hafi hitt stefnanda fyrir utan húsið Túngötu 12, Patreksfirði, þar sem stefnandi á heima, að morgni 14. júní 1971, líklega klukkan 10—11. Þeir hafi tekið tal saman, og minnti Jón, að stefnandi hafi sagst ætla að fara fljótlega inn á flugvöll. Ekki sagðist Jón hafa fundið áfengislykt af Stefáni og ekki heldur merkt það á háttum hans eða máli, að hann væri þá undir áhrifum áfengis.

Hermod Ingemar Jakob Lund verkamaður bar fyrir sakadómi Barðastrandarsýslu, að hann hafi hinn 14. júní 1971 hitt stefnanda á flugvöllinum við Patreksfjörð, og hafi þeir talað saman um eitt og annað nokkra stund. Ekki hafi Hermod getað séð, að stefnandi væri undir áhrifum áfengis, né heldur fundið af honum áfengislykt. Hafi hann nokkrum sinnum séð stefnanda undir áfengisáhrifum og taldi það merkilegt, ef hann hefði ekki veitt því athygli, að Stefán væri undir áfengisáhrifum, ef svo hefði verið í umrætt sinn. Stefnandi hafi sagst hafa neytt áfengis kvöldið áður. Er tali þeirra lauk, hafi stefnandi farið ásamt börnunum í bifreið sína, og sá Hermod hann aka af stað frá flugvöllinum. Hermod fór hins vegar með rútunni, sem lagði af stað frá flugvöllinum rétt á eftir bifreið stefnanda. Bifreið stefnanda hafi ekki verið ekið á mikilli ferð frá flugvöllinum í umrætt sinn, heldur

hafi það verið venjulegur þjóðvegahraði, 50 km á klukkustund eða svo.

Fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu bar Svavar Jóhannesson bankastjóri, að stefndi hafi, að höfðu samráði við föður stefnanda, gert ráðstafanir til flutnings bifreiðarinnar B 107 af slysstaðnum, fyrst og fremst til að forða því, að sjór félli upp á bifreiðina, þar sem hún lá í fjörunni á slysstaðnum. Þetta hafi verið gert án allra skuldbindinga af hálfu stefnda og það sérstaklega tekið fram, áður en flutningur fór fram. Þetta hafi verið tekið fram, eftir að haft hafði verið samband við lögregluna og að grunur lék á, að um ölvun við akstur væri að ræða. Reikningur yfir kostnað við flutning bifreiðarinnar hafi verið greiddur af umboði stefnda á Patreksfirði með sama fyrirvara og áður um getur, en stefndi í Reykjavík hafi ekki fengist til að endurgreiða reikninginn enn. Bifreiðin hafi verið flutt með kranabifreið Patrekshrepps.

Ekki sagðist Svavar muna glögg, hvernig hafi verið háttað tilmælum um geymslustað fyrir bifreiðina, en tók fram, að af hálfu stefnda hafi ekki verið greitt neitt fyrir geymsluna, og jafnframt tekið fram, að bifreiðin væri ekki í geymslu í fiskverkunarstöð Odda h/f á ábyrgð stefnda. Ekki sagðist Svavar vita, hvar bifreiðin væri niðurkomin 24. apríl 1973.

Svavar sagði, að honum væri ókunnugt um ástand stýrisbúnaðar bifreiðarinnar, er slysið vildi til.

Jón Magnússon útgerðarmaður, framkvæmdastjóri Odda h/f, bar fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu, að hann hafi ekki verið viðstaddur, þegar falast var eftir geymsluplássi fyrir bifreiðina B 107, og hafi hann af hvorugum aðilja málsins milliliðalaust verið beðinn um geysluplássið. Hann hafi fengið skilaboð frá föður stefnanda, að því er Jón minnti, um það, hvort setja mætti bifreiðina inn í húsið til bráðabirgða. Hafi Jón heimilað, að svo yrði gert. Ekki sagðist Jón muna nú, hver hafi borið honum fyrrnefnd skilaboð. Bifreiðin hafi ekki verið tekin til geymslu samkvæmt beiðni stefnda, svo Jóni væri kunnugt. Bifreiðin hafi verið í húsinu á annað ár, eða þar til taka þurfti húsið í notkun vegna fiskverkunar. Hvorugur málsaðilja hafi viljað hafa afskipti af bifreiðinni eða veita henni móttöku, þar til Jón óskaði eftir, að hún yrði fjarlægð úr húsinu. Jón sagðist enga greiðslu hafa fengið vegna geymslu bifreiðarinnar í húsinu.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að stefnandi hafi húftryggt bifreiðina B 107 hjá stefnda og þar sem bifreiðin

hafi eyðilagst fyrir óhapp, þá beri stefnda að greiða stefnanda andvirði bifreiðarinnar eins og það var á slysdegi. Stefnandi telur tjón sitt nema kr. 213.587, en það er kaupverð bifreiðarinnar, kr. 237.319, að fráðregnum 10%, en stefnandi telur bifreiðina hafa fyrnst um 10% á þeim tíma, sem hann átti bifreiðina.

Skaðabótaábyrgð stefnda byggist á vátryggingarsamningi stefnanda og stefnda, sbr. dskj. nr. 8. Því eigi hér við lög nr. 20 frá 1954, og er vaxtakrafan byggð á 3. mgr. 24. gr. sömu laga.

Það sé rangt og ósannað, að stefnandi hafi verið ölvaður eða að öðru leyti illa á sig kominn, enda hafi vitni borið, að þau hafi ekki séð áfengisáhrif á stefnanda. Sönnunarbyrði um ölvun stefnanda hvíli á stefnda.

Úrskurður Læknaráðs á dskj. nr. 9 eigi ekki við um mál þetta. Af hálfu stefnanda er á það bent, að það geti hafa haft áhrif á niðurstöðu alkóhólmælingar, að stefnanda hafi verið gefin pethidin sprauta og vökvagjöf.

Ákvörðun saksóknara ríkisins um að höfða ekki mál á hendur stefnanda útiloki, að stefndi geti skotið sér undan ábyrgð vegna meintrar ölvunar stefnanda.

Akstur stefnanda hafi verið í alla staði eðlilegur, enda sé stefnandi mjög gætinn bifreiðarstjóri. Orsaka slyssins sé fyrst og fremst að rekja til bilunar, sem orðið hafi í stjórnþækjum bifreiðarinnar. Rannsókn á því atriði hafi ekki farið fram, enda hafi rannsókn slyssins eingöngu beinst að því að reyna að sanna á stefnanda ölvunarakstur. Annar af tveim lögreglumönnum, sem komu fyrir dóm vegna máls þessa, hafi ekki verið spurður um stjórnunartæki bifreiðarinnar og ekki hafi bifreiðaeftirlitsmanninum á Patreksfirði verið falin athugun á þessu.

Umboðsmaður stefnda á Patreksfirði hafi viðurkennt bóta-skyldu stefnda með því að taka bifreiðina í vörslu sína.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan rökstudd með því, að stefnandi hafi verið ölvaður og að öðru leyti illa á sig kominn, meðal annars vansvefta, er umrætt tjón varð. En samkvæmt g lið 9. gr. vátryggingarskilmálanna valdi slíkt ástand ökumanns því, að tryggingartaki eigi ekki bótarétt á hendur félaginu. Stefnandi hafi skýrt og ótvírætt undanþegið sig bótaábyrgð á tjónum, þegar þannig standi á. Þessi undanþága ábyrgðar sé bæði eðlileg og nauðsynleg.

Það sé nægilega leitt í ljós, að stefnandi hafi verið ölvaður umrætt sinn. Í því efni sé fyrst til að nefna vitnisburð lögregluþjónsins Guðmundar P. Sigurðssonar, en hann hafi fundið sterkan

áfengisþef úr vitum stefnanda. Í öðru lagi komi hér til niðurstaða alkóhólrannsóknar á blóðsýni úr stefnanda. Því fari fjarri, að niðurstaða rannsóknarinnar um 0.37‰ alkóhól í blóðinu taki ein út af fyrir sig af skarið í því efni. Að sjálfsgöðu komi jafnframt til álita, hver tími leið frá slysinu til þess, er rannsóknin átti sér stað. Þar sé um 6 klukkustundir að ræða. Læknaræð hafi látið uppi í dómsmáli álit á sams konar álitaefni. Þar komi fram, að ætla megi, að slíkur dráttur valdi því, að alkóhólmagn í blóði mælist lægra en orðið hefði þegar eftir slys. Almennt megi telja, að eftir alkóhólneyslu brenni líkaminn að jafnaði 0.1 g af alkóhóli/kg/klst. En það mundi svara til 0.15‰ lækkunar á alkóhólmagni í blóði á klukkustund. Samkvæmt því megi ætla, að alkóhólmagn í blóði stefnanda hafi verið um 90‰ meira, er slysið varð um klukkan 12 á hádegi en klukkan 6 síðdegis, er blóðprufa var tekin, þ. e. a. s. 1.27‰ alkóhólmagn. Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga teljist ökumaður óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki, nemi vínandamagn í blóði hans meira en 1.20‰.

Stefnandi hafi viðurkennt að hafa neytt áfengis frá því um klukkan 11 kvöldið fyrir slysið og fram til klukkan 2 um nóttina. Hafi hann drukkið sem svarar tæplega einum pela af áfengi. Hins vegar hafi hann ekki neytt áfengis morguninn eftir og eigi fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann hafi verið einn að áfengisneyslu um nóttina, farið að sofa klukkan 4—5 um nóttina, en vaknað um klukkan 9 um morguninn. Þessi frásögn stefnanda sé ein út af fyrir sig ærið sönnunargagn gegn stefnanda. Sé miðað við upplýsingar stefnanda um áfengismagn það, sem hann drakk, svo og svefntíma hans á eftir áfengisneyslunni, sem fastlega megi gera ráð fyrir, að eigi séu orðum auknari en efni stóðu til, þá liggi það í augum uppi, að mjög hljóti að breyta á færni þess bifreiðarstjóra, sem drukkið hafi áþekkt magn af áfengi og sofið á eftir í 4 klukkustundir. Hann hljóti að vera allsendis ófær til aksturs bifreiðar miðað við, að aksturinn eigi að geta orðið sæmilega öruggur.

Hér beri og að líta til þess, að öll akstursskilyrði voru eins góð og best varð á kosið. Veður hafi verið ágætt og skyggni svo og færi og vegurinn beinn og breiður. Ekkert hafi truflað eða torvaldað akstur stefnanda og engin umferð nálæg. Skýring á hrakföllum stefnanda verði vandfundin, þegar sleppi ástandi hans sjálfs við aksturinn. Stefnandi hafi og enga aðra skýringu getað gefið. Sú skýring, sem lögmaður hans hreyfi, að bilun hafi orðið í stjórnækjum bifreiðarinnar, sé fyrst fram komin eftir höfðun málsins. Sé

henni algerlega vísað á bug. Í sambandi við hana megi benda á, að bifreið stefnanda hafi verið nýleg og ekkert fram komið, er bendi til þess, að hún hafi ekki verið í fullkomnu lagi. Stefnandi hafi og enga tilraun gert til að færa rök að þessari fullyrðingu.

Til vara er því haldið fram af hálfu stefnda, að akstur stefnanda hljóti að teljast hafa verið stórkostlega gálauslegur og að hann hafi fyrir þá sök fyrirgert bótarétti sínum samkvæmt e lið 9. gr. váttryggingarskilmálanna. Í öllu falli hafi hann með vísun til þess ákvæðis fyrirgert rétti til óskertra bóta.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefndi hafi tekið bifreið stefnanda í vörslur sínar þegar eftir slysið, og sé bifreiðin enn í vörslum stefnanda. Umboðsmaður stefnda á Patreksfirði, sem sé persónulega kunnugur stefnanda og hans fólki, hafi sem slíkur gert stefnanda þann greiða að ná bifreiðinni af tjónstað og koma henni í geymslu. Þetta hafi hann ekki gert sem starfsmaður stefnda. Hafi og stefnda ekki verið reiknaður kostnaður við björgun bifreiðarinnar.

Við athugun, sem fram hafi farið á stjórnþækjum bifreiðarinnar, hafi ekkert verið, sem benti til bilunar í stjórnþækjum bifreiðarinnar.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að verðmat stefnanda á bifreiðinni sé of hátt, og er mótmælt hærra verði á bifreiðinni en kr. 170.000—180.000, sem sé markaðsverð slíkra bifreiða. En samkvæmt dskj. nr. 8 eigi að leggja markaðsverð til grundvallar.

Samkvæmt lögregluskýrslu varð slysið í sólskinu um bjartan dag á sléttum, malbornum, föstum, þurrum vegi. Stefnandi segist sjálfur hafa ekið á um 50 km hraða, og er þessi framburður hans studdur framburði vitna. Stefnandi hefur borið, að hann hafi ekki verið að mæta bifreið, þegar þetta gerðist, og sagðist ekki vita til þess, að nokkur umferð hafi verið á þjóðveginum í næsta nágrenni.

Samkvæmt ljósmyndum á dskj. nr. 11 hafa akstursskýrði þarna verið góð.

Í málinu er ekkert fram komið, er styðji fullyrðingar stefnanda um bilun í stjórnþækjum bifreiðarinnar. Guðmundur Þorleifsson Sigurðsson lögregluþjónn bar, að þeir lögregluþjónnir hafi athugað stýrisbúnað og fóthemla bifreiðarinnar og hvort tveggja reynst vera í lagi. Af hálfu stefnanda hefur ekki verið hlutast til um, að frekari rannsókn færi fram á þessu atriði.

Í lögregluskýrslu segir, að tilkynnt hafi verið um slys þetta klukkan 1210 hinn 14. júní 1971, en slysið hafi orðið skömmu

áður. Blóðsýni var tekið úr stefnanda á Borgarspítalanum í Reykjavík klukkan 1800 sama dag, en í því fundust „reducerandi“ efni samsvarandi 0.37‰ af alkóhóli. Þegar þetta er virt og það álit Læknaráðs, að eftir alkóhólneyslu brenni líkaminn að jafnaði 0.1 g af alkóhóli/kg/klst., sem mundi svara til 0.15‰ lækkunar á alkóhólmagni (koncentration) í blóði á klukkustund, þykir fram komið, að stefnandi hafi, þá er slysið varð, haft meira áfengismagn í blóði en 0.5‰, enda þótt tekið sé tillit til þeirrar skekkju, sem ætíð verður að reikna með við slíkar mælingar.

Undir rekstri málsins hefur ekki komið fram, að stefnanda hafi verið gefin nein þau lyf, sem gætu hafa haft áhrif á niðurstöðu alkóhólmælingar.

3. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968 telur mann, sem hefur þetta áfengismagn í blóði sínu, ekki geta stjórnað ökutæki örugglega, og 2. mgr. þessarar sömu greinar bannar slíkum manni að aka bifreið. Í tryggingarskírteini því, sem stefnandi fékk hjá stefnda, segir í g lið 9. gr., að skemmdir, sem verða, þegar ökumaður er ölvður, undir áhrifum örvunar- eða deyfilyfja eða illa fyrirkallaður á annan hátt, séu undanskildar ábyrgð. Í þessari grein tryggingarskilmálanna er vísað til 24. og 25. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958. Þessar tilvitnuðu lagagreinar eru samhljóða 24. og 25. gr. laga nr. 40 frá 1968.

Í 20. gr. laga nr. 20 frá 1954 um váttryggingarsamninga segir: „Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að félagið skuli laust úr ábyrgð, er því, að váttryggingaratburðurinn gerðist, hefur verið valdið af vangá, er ekki verður talin stórkostleg. Ákvæði þetta er því þó eigi til fyrirstöðu, að samið sé um það, bæði að félagið skuli leyst úr ábyrgð, er váttryggður hefur valdið váttryggingaratburðinum í ölaði, er honum verður sjálfum gefin sök á, og að félagið megi draga allt að 5% frá bótunum, er váttryggingaratburðurinn stafar frá vangá, sem eigi verður talin stórkostleg“. Lögin nr. 20 frá 1954 eru árangur af norrænni samvinnu um löggjöf á þessu sviði. Í Danmörku gilda um þessi efni lög nr. 129 frá 1930. Í 20. gr. þeirra laga er svohljóðandi ákvæði: „Denne bestemmelse er ikke til hinder for, at det aftales, dels at selskabet skal være fri for ansvar for forsikringsbegivenheder, som den sikrede har forårsaget under selvforskyldt beruselse . . .“. Í Noregi er samsvarandi ákvæði í 20. gr. laga nr. 20 frá 1930, en það hljóðar svo: „... Denne bestemmelse er ikke til hinder for at det i avtalen betinges at selskabet skal være uten ansvar for forsikringstilfelle den sikrede har voldt på grunn af selvforskyldt beruselse“.

Eðlilegt þykir að túlka ákvæði 20. gr. laga nr. 20 frá 1954 á þann veg, að tryggingarfélagum sé heimilt að semja um, að tryggingarfélag skuli laus úr ábyrgð, er það, að vátryggingaratburðurinn skeður, verður rakið til ölvunar vátryggða, a. m. k. þá er um tryggingar á bifreiðum í akstri er að ræða, og styðst sá skilningur við 35. gr. sömu laga, sbr. 24. og 25. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 1968.

Í máli þessu er ekkert fram komið um aðrar orsakir slyss stefnanda en ástand stefnanda, en eins og rakið hefur verið, hefur stefnandi viðurkennt að hafa drukkið áfengi nóttina fyrir slysið og jafnframt að hann hafi farið að sofa klukkan 4—5 um nóttina og á fætur um klukkan 9.

Það, að saksóknari ríkisins féll frá refsikröfu á hendur stefnanda vegna slyss þessa, hefur ekki áhrif á niðurstöðu máls þessa.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þá var stefnda rétt að synja um greiðslu húftryggingar bifreiðarinnar B 107 samkvæmt g lið 9. gr. tryggingarskírteinisins.

Það er upplýst í málinu, að umboðsmaður stefnda hafi látið taka bifreiðina af slysstað og greitt flutningskostnað bifreiðarinnar. Bifreiðinni var síðan komið í geymslu á Patreksfirði. Það, að umboðsmaður stefnda lét flytja bifreiðina af slysstað og kostaði flutning hennar, þykir þó ekki eiga að hafa áhrif á bótaskyldu stefnda, þar sem hann hafði samið sig undan bótaskyldu á tilvikum sem slíkum, sem mál þetta er af risið.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Þorvaldi Veigar Guðmundssyni lækni og Birgi Þormar lögfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g/t, skal sýkn af kröfum stefnanda, Stefáns Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.